

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014, efnistökusvæði, veitur og snjóflóðavarnir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 23. mars 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014, frá 20. apríl 2004.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir að 132 kV jarðstrengur, Fljótsdalslína 2, verði lagður frá tengivirki í Fljótsdal að Brattagerði inn af Hrafnkelsstöðum.
- Gert er ráð fyrir ljósleiðara sem liggur frá tengivirki í Fljótsdal, samhliða Fljótsdalslínu 2 að Brattagerði og þaðan áfram meðfram þjóðveginum út fyrir Gilsá.
- Gert er ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði, F17, við Brattagerði fyrir endabúnað jarðstrengs.
- Gert er ráð fyrir snjóflóðavarnargarði sem verður allt að 18 m hár ofan við tengivirki í Fljótsdal.
- Gert er ráð fyrir 6 nýjum efnistökusvæðum, FE6-FE11, auk þess sem þau fimm sem fyrir eru FE1-FE5 stækka. Eftir breytingu verður efnismagn svæða FE1, FE3-FE8 og FE10-FE11 allt að 50.000 m³ og stærð þeirra allt að 25.000 m², efnismagn svæðis FE2 allt að 250.000 m³ og efnismagn FE9 allt að 20.000 m³.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 23. mars 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.